

EFNI:

Starfsemistölur sjúkrahúsa í rauntíma	bls. 1
Karlmenn eru líklegri til að slasast en konur	bls. 3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

STARFSEMISTÖLUR SJÚKRAHÚSA Í RAUNTÍMA

Sá mikilvægi áfangi náðist nú í nóvember að rafrænar rauntímasendingar komust á frá öllum heilbrigðisstofnunum landsins til Embættis landlæknis. Nú berast daglega upplýsingar um innlagnir og legur frá öllum sjúkrahúsum. Þessar upplýsingar safnast fyrir í Vistunarskrá heilbrigðisstofnana, einni af heilbrigðisskrám landlæknis sem tilgreind er í lögum um Embætti landlæknis. Skráin nær aftur til ársins 1998, en notagildi og gagnsemi hennar mun margfaldast nú þegar hún inniheldur upplýsingar í rauntíma. Því fylgja aukin tækifæri að hafa aðgengilegar nýjar starfsemisupplýsingar sem gefa heildstæða yfirsýn yfir starfsemi heilbrigðisstofnana á hverjum tíma.

Samhliða vinnu við rafrænar rauntímasendingar upplýsinga vinnur Embætti landlæknis að uppbyggingu svokallaðs vöruhúss gagna fyrir móttöku og úrvinnslu gagna og er sú vinna vel á veg komin. Vöruhúsið er nauðsynleg undirstaða miðlægrar upplýsingaveitu heilbrigðisupplýsinga þar sem réttar og tímanlegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustuna verða gerðar aðgengilegar, m.a. vegna eftirlits og gæðastarfs.

Söfnun og miðlun heilbrigðisupplýsinga, sem liður í að fylgjast með heilsufari og heilbrigðisþjónustu, hefur ávallt verið á verksviði landlæknis. Landlæknir gaf fyrst út Heilbrigðisskýrslur um heilsu landsmanna árið 1881. Héraðslæknar voru þá ábyrgir fyrir því að skila árlegum skýrslum til landlæknis ásamt lýsingu á tíðarfari og afkomu fólks í hverju héraði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og síðastliðinn áratug hefur orðið gjörbreyting á aðferðum við upplýsingasöfnun og vinnslu. Þannig hefur landlæknir t.d. safnað rafrænum gögnum um innlagnir á sjúkrahús og samskipti

við heilsugæslustöðvar frá öllum stofnunum í talsvert mörg ár. Gögnum hefur alla jafnan verið safnað einu sinni á ári ef undan er skillin gagnasöfnun vegna Slysaskrár Íslands, en hún hefur frá upphafi skrárinnar árið 2001 verið rafræn og í rauntíma. Þær vinnsluáðferðir sem hafa verið notaðar hafa þýtt að gögn hafa yfirleitt verið orðin 1–2 ára gömul þegar þau voru tilbúin til notkunar. Nú eru hins vegar gerðar kröfur um aðgang að eins nýjum upplýsingum og kostur er.

Aðdragandi rauntímasendinga

Þegar influensufaraldur gekk yfir hér á landi haustið 2009 voru gerðar ráðstafanir til þess að beita rauntímainnköllum gagna frá heilbrigðisstofnunum til að auðveldara væri að vakta þróun faraldursins. Góð reynsla var af því verkefni. Í kjölfar þess að gerðar voru breytingar á sjúkraskrárhugbúnaðinum Sögu, sem fólu í sér tækifæri til skráningar á sjúkradeildum, varð til einsleitara skráningar-umhverfi á öllum sjúkrahúsum. Það varð síðan forsenda þess að hægt var að hefjast handa við að undirbúa rafræna rauntímainnköllum vistunargagna frá heilbrigðisstofnunum. Síðastliðið vor hófst prófun á rafrænni innköllum gagna í rauntíma um innlagnir og legur til Embættis landlæknis í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Það verkefni gekk vel og nú eru rafrænar rauntímasendingar frá öllum heilbrigðisstofnum til Embættis landlæknis orðnar að veruleika eins og fyrr segir.

Umsjón með þróun og rekstri rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu var flutt frá velferðar- ráðuneytinu til Embættis landlæknis 1. mars síðastliðinn. Þar með gafst gott tækifæri til samhæfingar á þróun rafrænna lausna sem bæta starfsumhverfi heilbrigðisstofnana, til þess að opna upplýsingaveitur til starfsmanna

Unnið er að samtengingu á milli Sögu-grunna. Heilbrigðisstarfsfólk mun geta séð hvort gögn eru til á öðrum stofnunum um þann sjúkling sem það meðhöndlar.

Í ársbyrjun 2013 munu ýmsar lausnir sem auðvelda rafræn samskipti við Embætti landlæknis líta dagsins ljós.

heilbrigðisþjónustunnar með skipulögðum hætti og til þess að auka þjónustu við einyrkja í heilbrigðisþjónustunni sem standa utan við stærri sjúkraskrákerfi landsins. Með skipulegri þróun rafrænnar sjúkraskrár á Íslandi í framtíðinni er stefnt að betra samræmi skráningar með áherslu á vinnslu nýjustu heilbrigðisupplýsinga á hverjum tíma og bætt vinnubrögð við skráninguna.

Rafræn sjúkraskrá

Síðan umsjón með rafrænni sjúkraskrá á landsvisu var flutt til Embættis landlæknis í mars síðastliðnum hefur aðaláhersla verið lögð á verkefni sem stuðla að aukinni miðlun upplýsinga. Nokkuð hefur verið fjallað um aðgang að miðlægum lyfjaupplýsingum síðustu mánuðina og er það verkefni að komast á lokastig. Gert er ráð fyrir að prufunotendur fái aðgang fljótlega upp úr áramótum. Í tengslum við það verkefni er unnið að ýmsum endurbótum á rafrænum lyfjaávisunum, undanþágulyfseðlum o.fl.

Annað stórt verkefni sem unnið er að er samtenging á milli Sögu-grunna. Þegar fram líða stundir mun heilbrigðisstarfsfólk geta séð hvort gögn eru til á öðrum heilbrigðisstofnunum um þann sjúkling sem það meðhöndlar og hversu nýleg þau eru. Ef talið er að ytri gögn nýtist við meðferð sjúklingsins er hægt að sjá nánar hvers eðlis þau eru og sækja þau rafrænt til viðkomandi stofnunar til skoðunar. Þær upplýsingar sem verður hægt að skoða í fyrstu útgáfu eru auk persónuupplýsinga: Ofnæmi, virk lyf, sjúkdómsgreiningar (langtíma heilsuvandamál meðtaldin), meðferð (úrlausnir), upplýsingar um síðustu samskipti og textasyn fyrir heil samskipti sem hægt verður að sækja út frá síðustu samskiptum eða öðrum skráningaratriðum. Síðar verður möguleiki á því fyrir þá aðila sem ekki nota Sögu-kerfið að taka þátt í þessum samtengingum, bæði til að veita og sækja upplýsingar.

Nýlega lauk TM-Software við útgáfa 3.1.35 af Sögu og eru uppfærslur að hefjast hjá notendum. Embætti landlæknis kemur til með að styðja sérstaklega við innleiðingu þessarar nýju útgáfu. Sérstakt teymi, skipað starfmönnum embættisins og TM-Software, kemur til með að fylgja í kjölfar uppfærslna og aðstoða við innleiðinguna og vinna að stöðlun

skráningar með nýjum verklagsreglum og leiðbeiningum.

Þessi nýja útgáfa er óvenju umfangsmikil og má nefna að skjal sem eingöngu lýsir breytingum sem gerðar hafa verið í útgáfunni er yfir 80 síður. Meðal helstu breytinga má nefna endurbætta skráningu á ofnæmi og aðvörnum sem þróuð var undir forystu Landspítalans að sænskri fyrirmynd. Snjóhorn með mismunandi litakóðum gefur notandanum til kynna á einfaldan hátt hvort sjúklingurinn er með ofnæmi, eðli þess ásamt visbendingum um aðrar aðvaranir. Nýtt vaxtarlinurit er hluti af þessari útgáfu af Sögu, en það byggir á sænskum hugbúnaði og er samstarfsverkefni embættisins og LSH (Barnspítala Hringins). Hægt er að velja á milli fjölda sérhæfðra rita fyrir mismunandi aðstæður. Í nýju útgáfunni er einnig sérstök eining fyrir atvikaskráningu, en skráð atvik allra stofnana flytjast sjálfkrafa yfir í gagnagrunn hjá Embætti landlæknis.

Rafræn stjórnsýsla

Í ársbyrjun 2013 verða breytingar á rafrænni stjórnsýslu hjá Embætti landlæknis. Þá munu líta dagsins ljós ýmsar lausnir til að auðvelda rafræn samskipti, í fyrstu við heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir og síðar einnig við almenning. Landlæknir sér um útgáfu starfsleyfa 33 heilbrigðisstétta með lögvernduð starfsheiti og felur sú umsýsla í sér mikil bréfaskipti. Því er í undirbúningi að hægt verði að senda umsóknir inn rafrænt að hluta eða öllu leyti eftir atvikum og fylgjast með framvindu á afgreiðslu umsókna á vef embættisins. Þar verður einnig aðgangur fyrir lækna til að fylla út rafrænt ýmis vottorð, í fyrstu vottorð vegna ökuleyfis og dánarvottorð, en slíkum möguleikum mun svo fjölga í framtíðinni. Þjónusta við heilbrigðisstofnanir mun aukast með rafrænum aðgangi stofnana að tölfraedi úr vöruhúsi gagna með skilgreindum samanburðarupplýsingum og mun það einnig geta stutt innra gæðastarf þeirra.

Lilja Sigrún Jónsdóttir

Ingi Steinar Ingason

Slysaætta á barnsaldri er talsverð og einna mest á unglingsárum.

KARLMENN ERU LÍKLEGGRI TIL AÐ SLASAST EN KONUR

Árið 2011 voru 37.510 slys skráð í Slysaskrá Íslands (SÍ). Algengustu slysin voru heima- og fritímaslys (44%), umferðarslys (21%), vinnuslys (14%) og íþróttaslys (10%) (sjá mynd 1).

Töluverður kynjamunur er á algengi slysa, en samkvæmt tölum úr SÍ árið 2011 eru karlmenn líklegri til að verða fyrir öllum tegundum slysa að undanskildum umferðarslysum* (sjá mynd 1). Þessi kynjamunur hefur verið lítt breytilegur frá upphafi skráningar í SÍ árið 2001. Kynjamunurinn í gögnum SÍ er enn fremur í samræmi við slysaágnagrunna í nágrenna löndunum, en í evrópskum gagnagrunnum eru karlmenn líklegri en konur til að verða fyrir flestum tegundum slysa¹.


Kynjamunur hérlendis kemur sterkast fram þegar vinnuslys eru skoðuð, en 24 karlmenn af hverjum 1.000 slösuðust í vinnuslysum árið 2011 samanborið við 9 konur af hverjum 1.000. Talsverður kynjamunur er einnig á algengi íþróttaslysa, en 15 karlmenn af hverjum 1.000 slösuðust í íþróttaslysum árið 2011 samanborið við 8 konur af hverjum 1.000.

Slysatíðni eftir aldri

Gögn SÍ gefa til kynna að slysaætta á barnsaldri er talsverð og eina mest á unglingsárum. Þegar slysatíðni kynjanna árið 2011 er skoðuð með tilliti til aldurs kemur í ljós að drengir eru líklegri til að slasast en stúlkur á fyrstu fjórum æviárunum (138 drengir af hverjum 1.000 en 107 stúlkur af hverjum 1.000). Töluverður kynjamunur er einnig á slysatíðni á unglingsárunum, en árið 2011 var slysatíðni 15–19 ára drengja 174 af hverjum 1.000 en 133 af hverjum 1.000 hjá stúlkum í sama aldurshópi (sjá mynd 2).

Fram til sjötugs eru karlmenn líklegri til að slasast en konur. Síðan víxlast kynjamunurinn og á aldrinum 70–90 ára eru slys algengari meðal kvenna en karla. Eftir níuætt er lítil kynjamunur á slysatíðni (sjá mynd 2).

Helstu markmið með slysaágnagrunni Embættis landlæknis er að efla forvarnarstarf og gefa möguleika á ítarlegri rannsóknnum á slysum. Flokkun slysa í SÍ hefur leitt til þess að forvörnum hefur í ríkara mæli verið beint að




Mynd 1

algengustu slysflokkunum. Upplýsingar í gagnagrunninum um aldur og kyn slasaðra veita auk þess mikilvægar upplýsingar um þá hópa sem beina þarf forvörnum að. Með því að rýna nánar þær upplýsingar sem berast SÍ frá hinum ýmsu stofnunum er mögulegt að greina þau slys sem liggja að baki hvers slysflokks og kanna m.a. nánar í hvaða tegundum slysa kynjamunurinn liggur. Slík rannsóknarvinna

leiðir til markvissari forvarnarvinnu sem eykur líkur á að slysum fækki hérlandis.

Frekari upplýsingar úr Slysaskrá Íslands má nálgast á vef [Embættis landlæknis](#).

Edda Björk Þórðardóttir



Mynd 2

Heimild

1) Bauer, R. og Steiner, M. (2009). *Injuries in the European Union. Statistics Summary 2005-2007 featuring the EU Injury Database (IDB)* (3 útgáfa). Vienna: Eurosafe.

* Skráð umferðarslys eru einnig atvik þar sem ekki hafa orðið slys á fólki heldur aðeins eignatjón